

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð 8. apríl 2021: Fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um mannauðsmál þjónustu- og nýsköpunarsviðs - R21040036

Inngangur að fyrirspurnum frá fulltrúa Flokks fólksins sem snúa að mannauðsmálum þjónustu- og nýsköpunarsviðs. Fjölmargar uppsagnir hafa verið á þjónustu- og nýsköpunarsviðs á starfsfólki undanfarin ár. Fólki með langan starfsaldur, starfsreynslu hefur verið sagt upp einnig í miðju COVID og það þrátt fyrir að borgarmeirihlutinn lýsti yfir að standa skuli vörð um störf starfsfólks á þessum atvinnuleysistímum. Þrátt fyrir uppsagnir á sérfræðingum hefur sviðið verið duglegt að auglýsa eftir fólki í allskyns störf undanfarið. Þess vegna spyr borgarfulltrúi Flokks fólksins eftirfarandi spurninga: Hafa einhverjir starfsmenn verið ráðnir inn án auglýsingar undanfarin 4 ár og ef svo er þá hversu margir og hversu lengi hefur þá hver og einn starfsmaður sem var ráðinn inn með hætti, verið í vinnu? Hafi einhver verið ráðið inn með þessum hætti vill fulltrúi Flokks fólksins fá að vita hvort það fólk sé með tilskylda menntun og reynslu til þess að sinna því starfi sem viðkomandi fékk á þennan hátt. Borgin hefur að minnsta kosti fram til þessa viljað státa sig af fagmennsku þegar kemur að mannauðsmálum og að sá sem hæfastur er til starfsins sé valinn. Enginn vill að geðþóttaákvæðanir ráði eða klíkuskapur þar sem fáir útvaldir fá stöður án þess að um hæfasta einstakling sé að ræða.